

Ályktun málsþings Landssambands eldri borgara 2. október 2023

20 þúsund manns undir eða við lágmark

Landssamband eldri borgara bendir á að um tuttugu þúsund manns lifa rétt við eða undir lágmarksmörkum og þola engar óvæntar upptækjur. Allar hækkunir á vöruverði og þjónustu bitna hart á þessum hópi, ekkert má fara úrskeiðis.

Kjör og aðstæður þeirra sem verst eru sett, eru hins vegar einu ríkasta samfélagi heims til skammar. Þetta er fólk sem hefur litlar sem engar lífeyristekjur, hefur alla tíð haft lítil laun, er að hluta til aðflutt og í miklum meirihluta konur

Við leggjum til sértækar aðgerðir fyrir þau verst settu:

- Sérstakt skattþrep / Hækkun persónuafsláttar, - taki fyrst og fremst til lífeyristaka
- Minni eða engar skerðingar hjá þeim sem eru undir viðurkenndu framfærsluviðmiði
- Þau lágstu fái sérstakar greiðslur sem fjari út í hlutfalli við tekjur.

Við leggjum til almennar aðgerðir sem koma þeim best sem eru með lágar- og miðlungstekjur:

- Hækkun frítekjumarks í 100.000 kr. Frítekjumarkið er 25 þúsund krónur og hefur ekki hækkað síðan í ársbyrjun 2017. Kæmi þeim best sem eru með lágstan lífeyri.
- Ellilífeyrir verði aldrei lægri en lægsti kauptaxti. Hann er núna 315 þúsund, tæplega 90 þúsund undir lágmarkstaxta.
- Árlegar hækkunir lífeyris og frítekjumarka fylgi launavísitölu.

Landssamband eldri borgara biðlar sérstaklega til verkalýðshreyfingarinnar um stuðning við fyrrum félagasína í harðri kjarabaráttu.